IMMI, alþjóðleg stofnun um upplýsinga- og tjáningarfrelsi
Austurstræti 14, 101 Reykjavík, Iceland
info@immi.is / http://www.immi.is

INTERNATIONAL MODERN MEDIA INSTITUTE

Nefndarsvið Alþingis

26. febrúar 2015

IMMI, stofnun um upplýsinga- og tjáningarfrelsi, fagnar því að það málefni sem tekið er á með frumvarpinu sé tekið upp á vettvangi Alþingis. IMMI er stofnun sem fyrst og fremst stendur vörð um tjáningar- og upplýsingafrelsi en friðhelgi einkalífs er gríðarlega mikilvægt stofnuninni og lítur að mannréttindum, lýðræðislegu stjórnarfari og réttindum fólks í upplýsingasamfélagi nútímans. Friðhelgismál eru mikið í deiglunni á þessum tímum og IMMI vinnur m.a. að rannsóknum er lúta að gagnaöryggi og lagasetningum sem kveða á um friðhelgi og gagnavernd.

Myndbirting og deiling kynferðislegra mynda af einstaklingi án þess að samþykki hans liggi fyrir skerðir gríðarlega friðhelgi einkalífs viðkomandi og á að sjálfsögðu að vera gert refsivert athæfi. Ákvæði 233. gr. b) er ætlað að taka á hefndarklámi en fallast má á að ákvæðið sé ekki nægilega skýrt að þessu leyti.

IMMI telur hins vegar að vinna verði frumvarpið betur og þá sérstaklega 2. gr. frumvarpsins sem er að mati IMMI orðuð með of víðtækum hætti og víðtækari hætti en markmið frumvarpsins felur í sér. Með ákvæðinu er lagt til að gert verði refsivert að dreifa efni sem veldur tjóni, vanlíðan eða er lítilsvirðandi fyrir þolanda. Ákvæðið þyrfti að afmarka með skýrari hætti þannig að ljóst sé að það eigi við hefndarklám en ekki annarskonar upplýsingar sem geta jafnvel átt erindi til almennings og varðað stjórnmál og ýmis samfélagsmál. Gagnrýni á stjórnmálamenn getur til dæmis valdið stjórnmálamönnum tjóni og það er ekki markmið frumvarpsins að banna myndefni, ljósmyndir eða annað efni sem valdið getur stjórnmálamönnum tjóni. IMMI hvetur til þess að hugað verði nánar að ákvæði 2. gr. frumvarpsins, áður en það verður tekið til frekari meðferðar í þinginu.

Þá bendir IMMI einnig á að ekki er í frumvarpinu reiknað með því að einhver tengsl þurfi að vera á milli þolenda og geranda. Þetta á við um bæði 1. gr. og 2. gr. ákvæðisins. IMMI tekur ekki beinlínis afstöðu til hvort svo þurfi að vera en vill engu að síður benda á þetta til samræmis við 233. gr. b. almennra hegningarlaga.

IMMI leggur til að hinkrað verði með samþykkt frumvarpsins þar til mál sem dómtekið var 13. febrúar sl. og varðar það málefni sem hér um ræðir, er til lykta leitt því með úrlausn þess kemur væntanlega betur í ljós hvort og hvar pottur er brotin í löggjöfinni.

Virðingarfyllst

Fyrir hönd IMMI,

Guðjón Idir Guðnýjarson
Framkvæmdastjóri IMMI